

## Dómsorð:

Stefndi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnanda, Andrésí Davíðssyni, kr. 1683.49 með 6% ársvöxtum frá 8. september 1949 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. apríl 1951.

Nr. 126/1950. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

**Gunnari Ágúst Ingvarssyni**

(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson  
og hrl. Lárus Jóhannesson í stað hrd.  
Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans  
Hallvarðssonar.

Óheimil notkun vörumerkis.

### Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa þeir dr. Jón E. Vestdal og Guðmundur Guðjónsson kaupmaður látið samkvæmt dómkvaðningu í té álit sitt um merki á flöskum þeim, sem í málinu greinir. Fengu þeir einungis þrjár af þeim flöskum, sem ákærði hafði notað, til athugunar, en hinar voru glataðar eða ekki tiltækar. Um flöskurnar segja þeir: „Flöskur þær, sem hér er um að ræða, eru frá gosdrykkjagerðinni Síríus. Upprunalega hafa þær verið með upphleyptu vörumerki gosdrykkjagerðarinnar, sem er áttstrend stjarna og bókstafirnir SIRIUS í boga ofan við stjörnuna . . . . . Hefur aðeins nokkur hluti vörumerkisins verið sorfinn burtu, hvergi verið snert við stjörnunni, en bókstafirnir verið máðir af að miklu leyti, hvergi þó svo, að sumir þeirra séu ekki læsilegir . . . . .

Að okkar dómi er svo mikið eftir af upprunalega vörumerkinu á flöskunum, að hver og einn, sem þekkir það vörumerki, mun álíta, að flöskurnar, jafnt tómar sem með inni-

haldi, muni vera frá gosdrykkjagerðinni SIRIUS, ef ekki er á þeim einkennismiði. Séu þær hins vegar með einkennismiða, fer það að líkindum eftir mati eða kunnugleika hvers og eins, hvort hann álitur fyrirtæki það, sem miðinn er frá, vera sérstakt fyrirtæki eða hið sama og SIRIUS.

Hvort villzt verði á flöskunum, er menn sjá þær í búðar-gluggum eða í hillum sölubúða, fer mjög eftir því, hvernig flöskunum er stillt upp. Ef einkennismiðinn er látinn snúa að athugandanum, ber ekki á leifunum af hinu upphleypta vörumerki á flöskunum, en sé þeim snúið í hálfhring, ber ekki á einkennismiðanum, en þá eru leifar vörumerkisins sýnilegar, og gefa þær ótvíræða vísbendingu um það, að flöskurnar muni vera frá SIRIUS.“

Með skírskotun til þessarar álitsgerðar hinna dómkvöddu manna verður að telja, að ákærði hafi með notkun flasknanna gerzt brotlegur við 14. gr. laga nr. 43 frá 1903 og 9. gr. laga nr. 84/1933, en dæma ber ákærða einnig eftir síðasttöldu lög- unum, þótt þeirra sé ekki sérstaklega getið í kærú, þar sem ákærði gekk þess ekki dulinn, að honum var gefin að sök villandi notkun á verzlunarmerki kæranda. Refsing ákærða þykir því samkvæmt 13. gr. sbr. 17. gr., laga nr. 43/1903 og 14. gr. laga nr. 84/1933 hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og ber að staðfesta refsíákvæði hans, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði tvær vikur frá birtingu dóms þessa. Svo þykir og mega staðfesta málskostnaðarákvæði dómsins.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál- flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði tvær vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnar Ágúst Ingvarsson, greiði allan áfrýj- unarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæsta-

réttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur löggluréttar Reykjavíkur 15. ágúst 1950.**

Ár 1950, þriðjudaginn 15. ágúst, var í lögglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3038/1950: Ákærvaldið gegn Gunnari Ágúst Ingvarssyni, sem tekið var til dóms þann 28. fyrra mán-aðar.

Málið er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða Gunnari Ágúst Ingvarssyni lögfræðinema, Lindargötu 61 hér í bæ, fyrir brot á lögum nr. 43 13. nóv. 1903 um vörumerki.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. febrúar 1927 í Reykjavík, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærnum og refs-ingum:

Í Reykjavík:

- 1946 25/11 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 20. gr. bifreiðalaganna.
- 1947 16/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1947 16/7 Sátt, 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1947 29/9 Sátt, 20 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1947 26/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 2. tl. 5. gr. reglugerðar nr. 72/1937.
- 1947 4/11 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1949 4/11 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Með bréfi, dags. 27. janúar s.l., kærði Vagn E. Jónsson hdl. fyrir hönd Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f Efnagerðina Humal h/f, sem ákærði veitir forstöðu, fyrir að nota gosdrykkjafloðskur frá ölgerðinni undir framleiðslu sína. Segir nánar um þetta í kærinni, að svonefnt „Salad Cream“, sem fyrrnefnd efnagerð framleiðir, sé að nokkru leyti boðið fram og selt í flöskum frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni, með skrásettu vörumerki hennar, „SIRIUS“ ásamt stjörnu undir, sem ásamt stöfunum er steypit í glerið á flöskunum. Segir enn fremur í kærinni, að reynt hafi verið að má orðið „SIRIUS“ af flöskunum, en það í flestum til-fellum verið læsilegt eftir, en stjörnuna hafi hins vegar ekki verið reynt að afmá. Er þess síðan krafist í kæru þessari, að fyrirsvarsmenn Efnagerðarinnar „Humals“ verði látnir sæta refsingu og að umbúðum frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni, sem finnast í vörzlum Efnagerðarinnar Humals, verði skilað aftur. Loks er áskilinn réttur til skaðabóta á hendur nefndri efnagerð fyrir þetta tiltæki.

Með kærnum fylgdu 3 flöskur með „salad cream“ frá Efnagerðinni Humli, og voru flöskurnar frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni (SIRIUS).

Í nokkrum verzlunum, sem keypt höfðu „salad-cream“ frá Efnagerðinni Humli, fundust 10 flöskur frá SIRIUS, og í húsakynnum efnagerðar

Þessarar í Blönduhlíð 35 fundust 62 flöskur frá SIRIUS. Rannsóknarlög-reglumennirnir Lárus Axel Helgason og Jón Ebenezeron Halldórsson athuguðu allar flöskurnar frá SIRIUS, sem fundust í verzlunum og í Efnagerðinni Humli, svo og flöskur þær, sem fylgdu kærinni frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni. Hafa rannsóknarlögreglumennirnir lýst flöskum þessum þannig, að svo hafi virzt sem stafirnir Sirius hafi verið afmáðir af belg flasknanna eða reynt hafi verið að afmá þá með smergel hjóli, en ekki hafi þeir þó verið svo gersamlega afmáðir, að ekki hafi mátt greina þessa stafi á sumum flöskunum, ef rýnt væri í þá, en hins vegar hafi stjarnan fyrir neðan stafina verið algerlega ósnert á flöskunum frá SIRIUS.

Sjálfur hefur ákærði skýrt svo frá við rannsókn málsins:

Hann kveðst hafa verið framkvæmdastjóri Efnagerðarinnar Humals frá því um miðjan ágústmánuð 1949, en efnagerð þessi er annars eign hlutafélags, og er ákærði í stjórn þess.

Ákærði segir nefnda efnagerð hafa framleitt um 200 flöskur af „salad-cream“ í kringum miðjan desembermánuð s.l. og selt í verzlanir. Nokkuð af þessari framleiðslu segir ákærði hafa verið selt í verzlanir úti á landi, og hafi það verið á enskum, amerískum og dönskum bjórflöskum, en hins vegar hafi 100—150 flöskur af „salad-cream“, sem selt var í verzlanir hér í bænum, verið látið á flöskur frá SIRIUS.

Ákærði segir stafina SIRIUS hafa verið skafna af flöskum þeim, sem notaðar voru undir „Salad-cream“, framleitt í Efnagerðinni Humli, og hafi þetta verið gert með smergel hjóli. Einnig heldur hann því fram, að stjarnan á flestum SIRIUS-flöskunum hafi verið skafin af þeim á sama hátt, og telur hann þetta merki ekki hafa orðið eftir nema á örfáum flöskum, sem notaðar voru undir margnefnt „salad-cream. Ekki segir ákærði SIRIUS-flöskurnar hafa verið notaðar undir neinar aðrar framleiðsluvörur Efnagerðarinnar Humals en umrætt „salad-cream“. Hann hefur tekið fram, að Efnagerðin Humall hafi keypt allar SIRIUS-flöskurnar, sem notaðar voru sem umbúðir undir framleiðslu efnagerðarinnar. Segir hann efnagerð þessa ekki nota eða eiga neinar sérstakar flöskur undir framleiðslu sína. Þess skal getið, að Ölgerðin Egill Skallagrímsson lét skrásetja vörumerkið SIRIUS þann 23. júlí 1931.

Tilgangur laga nr. 43 13. nóvember 1903 um vörumerki virðist vera sá að koma í veg fyrir, að eitt fyrirtæki fái notað vörumerki annars fyrirtækis á framleiðsluvarning sinn og þannig villt um fyrir kaupendum varningsins um uppruna hans.

Í tilviki því, sem hér ræðir um, hefur þannig verið gengið frá umbúðunum (flöskunum frá SIRIUS) af Efnagerðarinnar Humals hálfu, áður en hún notaði þær undir framleiðsluvöru sína, að nokkur hluti vörumerkisins á umbúðunum hefur verið að mestu leyti afmáður, þó þannig að lesa mátti stafina í vörumerkinu, ef vel var að gáð, a. m. k. á einhverjum hluta umbúðanna, en nokkur hluti vörumerkisins (Stjarnan) var hins vegar látin haldast. Þótt engin ástæða virðist til að ætla, að það hafi verið ásetningur ákærða, með því að afmá ekki umrætt vörumerki betur

en raun bar vitni, að koma inn þeirri hugmynd hjá kaupendum hins umrædda „salad creams“, að það væri framleitt af eiganda vörumerkisins SIRIUS, þ. e. Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni, verður þó að telja, að ekki sé með öllu útilokað, að kaupendurnir kynnu að fá þá hugmynd, að Efnagerðin Humall og framleiðsluvörur hennar stæðu í sambandi við vörumerkið SIRIUS og eiganda þess, þar eð vörumerkið SIRIUS var afmáð af umbúðum, sem nefnd efnagerð notaði á jafn ófullkominn hátt og að framan er lýst.

Samkvæmt framansögðu telst ákærði því hafa gerzt brotlegur við 13. gr. laga nr. 43 13. nóvember 1903 um vörumerki, og þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin 500.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Sigurðssonar hdl., kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Ágúst Ingvarsson, greiði 500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Sigurðssonar hdl., kr. 350.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. apríl 1951.

Kærumálið nr. 6/1951.

**Magnús Thorlacius**

gegn

**Borgardómaranum í Reykjavík og þeim Einari Arnalds og Jóni Bjarnasyni persónulega.**

Setudómarar Guðmundur Í. Guðmundsson  
bæjarfógeti og próf. Ólafur Jóhannesson  
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd.  
Jónatans Hallvarðssonar.

Um rétt málflytjanda til skjals.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 24. marz þ. á., sem hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 2. málsgrein 189. gr. laga nr. 85/1936